




GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

Innra mat 2024-2025

UNNIÐ AF ÖRNU EINARSDÓTTUR

Efnisyfirlit

Um skólann.....	2
Þróunarverkefni.....	2
Önnur föst verkefni	2
Nám og námsárangur	3
Innra mat skólaárið 2024 - 2025	3
Forsendur innra mats	3
Lagalegur grunnur	3
Tilgangur	3
Framkvæmd.....	4
Lesfimi – niðurstaða	4
Skólapúls - nemendakönnun	5
Skólapúls – foreldrakönnun.....	6
Líðan nemenda - nemendaviðtöl	6
Íslenska æskulýðsrannsóknin – nemendakönnun.....	7
Líðan starfsfólks - starfsmannakannanir	12
Úrbótaáætlun	12
Langtímaáætlun um innra mat.....	14

Um skólann

Í lok skólaárs 2024 – 2025 voru 337 nemendur í Grunnskólanum í Borgarnesi, í 1. – 10. bekk. Kennarastöður við almenna kennslu, bókasafn og Búbblu voru 31,9 þar af 21 umsjónarkennari en við sérkennslu og þroskajálfun voru 6 stöður. Töluverð samvinna er innan stiga og einnig eru verkefni þvert á alla árganga.

Húsnæðið hefur að stórum hluta verið endurnýjað en skólalóð en enn ókláruð. Tafir hafa orðið á framkvæmdum á elsta- og miðstigi og er brýnt að ljúka þeim verkefnum sem út af standa sem og ganga frá lausum endum hvað húsnæðið varðar.

Helstu upplýsingar um skólastarfið má finna á heimasíðu skólans. Þar má finna tilskildar áætlanir samkvæmt lögum og viðmiðum aðalnámskrár, svo sem skóladagatal, starfsáætlun, eineltisáætlun, jafnréttisáætlun, forvarnaráætlun og móttökuáætlanir. Verkaskipting skólastjórnenda er skráð og fundað er reglulega.

Einkunnarorð skólans eru **sjálfstæði, ábyrgð, virðing, samhugur**.

Þróunarverkefni

Haustið 2023 hófst innleiðing *Leiðsagnarnáms* í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Allir kennarar skólans ásamt stjórnendum taka þátt í þessu þróunarverkefni. Þar sem umfang Leiðsagnarnáms er umtalsvert, var ákveðið að leggja einnig aðaláherslu á það verkefni skólaárið 2024-2025. Innleiðingu lýkur að vori 2026.

Leiðsagnarnám

Lykilatriði leiðsagnarnáms eru m.a. að efla skilning námsmarkmiða og árangursviðmiða, að safna gögnum með ýmsum leiðum til að staðfesta hvar nemendur eru staddir í námsferlinu, virkja nemendur, að veita endurgjöf sem beinir athyglinni fram á við og hjálpar nemendum til að komast áfram, og að gefa nemendum hlutdeild í eigin námi. Greinargerð um leiðsagnarnámið má lesa í ársskýrslu skólans.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er undirstaða góðs skólastarfs og leggjum við í Grunnskóla Borgarness mikla áherslu á að efla og viðhalda góðri samvinnu milli heimila og skóla. Í vetur var unnið samkvæmt aðgerðaráætlun frá 2021 um að efla foreldrasamstarf. Þessari vinnu lýkur aldrei heldur er hún í sífelldri þróun.

Önnur föst verkefni

Fyrir utan ýmis þróunarverkefni, er unnið samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar og er það fastur þáttur í skólastarfinu, ásamt öryggismálum og forvörnum.

Uppeldi til ábyrgðar

Líkt og undanfarin ár, var Sæbjörg með námskeið í upphafi skólaárs fyrir nýtt starfsfólk sem og þá sem vildu endurmenntun eða upprifjun. Bæklingum var dreift í bekkir er tiltóku hvaða vinna á að fara fram yfir veturinn.

Fyrsta vika skólaársins var helguð Uppbyggingunni. Í upphafi skólaárs voru gerðir bekkjasáttmálar í öllum bekkjum skólans. Bekkjasáttmálarnir voru gerðir undir leiðsögn umsjónarkennara í hverjum bekk og hengdir upp í bekkjarstofum.

Dagur gegn einelti, teymið kom inn á starfsmannafund og sagði frá því að vinabekkir ættu að vinna saman þann dag að verkefnum Uppbyggingar og afraksturinn mætti gjarnan vera sýnilegur á göngum skólans að degi loknum. Það gekk vel.

Öryggismál

Öryggisnefnd fundaði fjórum sinnum formlega á skólaárinu og vann auk þess í verkefnum á milli funda, bæði í fjarvinnu og á vinnufundum. Einnig var fundað með framkvæmdar- og eftirlitsaðilum Borgarbyggðar vegna framkvæmda við fjölnota íþróttahús.

Forvarnir

Á yfirstandandi skólaári, var farið yfir námsefni í forvörnum sem unnið er með á hverju stigi. Nýtt starfsfólk sótti netnámskeið frá BOFS (Barna- og fjölskyldu stofa) er varðar kynferðislegt og kynbundið ofbeldi.

Nám og námsárangur

Skólanámskrá skólans er í takt við aðalnámskrá grunnskóla. Hæfniviðmiðum 4., 7. og 10. bekkjar er raðað niður á árganga, Borgarnesshæfniviðmið. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat frá upphafi skólagöngu.

Kennarar vinna námsáætlanir út frá hæfniviðmiðum skólanámskrár. Þar koma fram þeir námsþættir sem teknir eru fyrir, námsefni, námsgögn og námsmat. Kennslulotur eru settar upp í öllum námsgreinum í Mentor og hæfniviðmið / matsviðmið metin jafn og þétt yfir skólaárið þannig að foreldrar, nemendur og kennarar geti séð framvindu náms. Hægt er að skoða hæfnikort nemenda inni á mentor.is.

Innleiðingu teymiskennslu lauk vorið 2019 og í framhaldi af því var ákveðið að haustið 2023 hefji starfsfólk skólans vegferð í innleiðingu leiðsagnarnáms undir leiðsögn Miðstöðvar Skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

Hér fyrir neðan er farið yfir stöðuna eftir skólaárið 2024 - 2025 í einstökum þáttum. Unnið verður áfram með þá þætti sem enn er ekki lokið og má sjá þá í umbótaáætlun hér fyrir neðan.

Innra mat skólaárið 2024 - 2025

Lögum samkvæmt er framkvæmt innra mat á skólastarfi Grunnskólans í Borgernesí á ári hverju.

Forsendur innra mats

Lagalegur grunnur

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er í VIII kafla, 35. og 36. gr. kveðið á um að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólastarfsins. Það skal gert með kerfisbundnum hætti og þeir sem komi að matinu séu starfsmenn skóla, foreldrar og nemendur. Þetta er svokallað innra mat, þ.e. þeir sem starfa í skólanum og að skólastarfinu séu að leggja mat á sitt starf, kennsluna, námið og almennt þá þjónustu sem veitt er í skólanum. Tilgangurinn með þessu er að finna það sem vel er gert, finna það sem þarf að laga og auka þannig enn frekar gæði starfsins og tryggja að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á lögum samkvæmt. Niðurstöður úr innra mati á að birta opinberlega. Skv. 37. gr. sömu laga bera sveitarfélög ábyrgð á að innra mat sé framkvæmt og útbótum sé fylgt eftir.

Tilgangur

Innra mat er lagt fyrir í þeim tilgangi að finna það sem vel er gert í skólastarfinu, finna það sem gera má betur og hvort sú þjónusta sem skólinn veitir er í samræmi við skólanámskrá, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla. Niðurstöður úr innra mati á að nýta vel til að gera starfið enn betra. Á grundvelli

niðurstaðna skal gerð tímasett úrbótaáætlun. Mikilvægt er að hún sé raunhæf og henni sé fylgt markvisst eftir. Skýrslu um innra mat skal skila til sveitarfélagsins, strax að skóla loknum að vori.

Framkvæmd


Eftirfarandi þættir eru notaðir til gagnaöflunar við innra mat:

- Lesfimi
- Skólapúlsinn
- Nemendaviðtöl
- Starfsmannaviðtöl
- Starfsmannakannanir

Lesfimi – niðurstaða

Lesfimi er færni sem byggir á lestrarnákvæmni, leshraða og hrynrænum þáttum tungumálsins en allir þessir þættir eru meðal undirstöðupáttar fyrir lesskilning. Nákvæmni felst í að nemendur lesi orð rétt, leshraði lýtur að sjálfvirkni í lestri og hrynrænir þættir að áherslum og hrynjanda. Í lesfimiþrófunum eru metnir tveir fyrstnefndu þættirnir, þ.e. lestrarnákvæmni og leshraði en matskvarði fyrir síðastnefnda.

Skólinn nýtir sér lesfimiþróf MMS og þau viðmið sem þar eru sett fram. Lesfimi er staðlað próf fyrir nemendur í 1.-10. bekk grunnskóla. Þau eru lögð fyrir í september, janúar og maí ár hvert. Prófinu er ætlað að meta stöðu nemenda í nákvæmum raddlestri og framfarir innan árs og milli ára og til að auðvelda eftirfylgni og aðgerðir til umbóta þar sem þeirra er þörf.



Á myndinni má sjá hlutfall nemenda í hverjum bekk sem náðu viðmiði 1 (gulur), 2 (grænn) og 3 (blár) og einnig hlutfall þess hóps sem ekki náði lægsta viðmiði (rauður) nú í maí 2025. Fremsta súlan sýnir markmið um viðmið MMS að vori. Markmiðið er að meðaltal hvers árgangs sé allavega yfir landsmeðaltali. Samkvæmt MMS skal stefnt að því að meðaltal hvers árgangs verði sem næst viðmiðum 2 að vori.



Á myndinni má sjá meðaltal lesinna orða í hverjum árgangi. Viðmiðin eru tilgreind með gráum línum en meðaltal lesinna orða hjá hverjum árgangi í skólanum með blárrí línú. Rauða línán sýnir hinsvegar meðaltal lesinna orða á öllu landinu.

Skólapúls - nemendakönnun

Á hverju ári er Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur 6.-10.bekkja og annað hvert ár fyrir foreldra og hitt árið fyrir starfsmenn.

Skólapúlsinn mælir m.a. líðan nemenda og skóla- og bekkjaranda. Í ár var Skólapúlsinn lagður fyrir í þrennu lagi fyrir 6. – 10. bekk. Kannaðir eru þættirnir *virgni nemenda í skólanum*, *líðan og heilsa* og *skóla- og bekkjarandi*.

Í þættinum *virgni nemenda í skólanum* erum við að mestu í landsmeðaltali en erum undir í trú á eigin vinnubrögð og námsgetu en yfir í áhuga á náttúrufræði. Hlutfall nemenda með snjallsíma og símanotun á skólatíma er yfir landsmeðaltali. Erú þetta svipaðar niðurstöður og síðastliðið skólaár.

Í þættinum *líðan og heilsa* erum við undir landsmeðaltali í þáttunum sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og vellíðan. Hins vegar erum við örlítið yfir landsmeðaltali hvað tíðni eineltis varðar og munar mjög litlu á tíðni meðal stúlka og drengja. Einelti hefur heldur minnkað frá fyrra ári í öllum árgöngum og nemendur í 9.bekk skora lægst sem þolendur eineltis í heildina yfir skólann. Nemendur Grunnskólans í Borgarnesi sem eru í mataráskrift eru á landsmeðaltalið en það eru fleiri nemendur við skólann sem eru ánægðir með matinn sem í boði er.

Í þættinum *skóla- og bekkjarandi* erum við undir landsmeðaltali í aga í tímum og samsömun við nemendahópinn og þátttöku nemenda í tímum. Hins vegar erum við yfir landsmeðaltali í þætti er snýr að sambandi nemenda við kennara. Tíðni leiðsagnarmats er undir landsmeðaltali.

Nemendur eiga þess einnig kost að skrifa hvað þeim finnst gott og slæmt í skólanum.

Nemendur á miðstigi segja m.a. að kennarnarnir séu skemmtilegir, það sé gaman að vera úti og þeim líður vel í skólanum. Þau segja einnig að það besta við skólann sé list- og verkgreinar og útvíst, kennararnir og félagarnir. Einnig eru það klúbbarnir á bókasafninu sem eru skemmtilegir og það er góður matur. Það sem þeim finnst að betur megi fara í skólanum er m.a. vinnufriður, maturinn, meiri list- og verk., frímínútur inni, myglubreyta, eins að það vanti fleiri leiktæki á skólalóðina.

Nemendur á unglingastigi segja m.a. að það besta við skólann séu kennararnir, góður bekkjarandi, félagarnir, íþróttir, list- og verkgreinar, stærðfræði og náttúrufræði. Ánægja með Brú. Það sem þeim finnst að betur megi fara er m.a. samskipti, skortur á tölvum, vinnufriður, maturinn og hegðun nemenda.

Skólapúls – foreldrakönnun

Eins og áður sagði, þá er viðhorf foreldra til skólans kannað á hverju ári í gegnum Skólapúlsinn og eru eftirtaldir þættir mældir: nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónustua, foreldrasamstarf, heimastuðningur.

Nám og kennsla, hæfileg þyngd námsefnis mælist yfir landsmeðaltali, ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum mælist í landsmeðaltali. Hins vegar mælist ánægja foreldra með stjórnun skólans og hæfilegur agi í skólanum undir landsmeðaltali.

Velferð nemenda, þeir undirþættir sem mælast í landsmeðaltali samkvæmt foreldrum eru: ánægja foreldra með samskipti nemenda við starfsfólks og meðáltímabil eineltis. Hins vegar mælast undirþættir eins og: líðan nemenda í skólanum almennt og frímínútum yfir landsmeðaltali. Eins telja færri foreldrar að tilkynningar um einelti séu fleiri við GB en landsmeðaltalið. Ánægja með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda, líðan nemenda í kennslustundum, umfang eineltis í skólanum, ánægja foreldra með úrvinnslu eineltismála, úrvinnsluhraði eineltismála og ánægja með eineltisáætlun skólans eru undir landsmeðaltali. Hlufall foreldra sem vill banna snjallsíma mældist í landsmeðaltali, eða 44% sem eru heldur fleiri en á síðasta ári.

Þegar að *aðstöðu og þjónustu* kemur, þá er ánægja foreldra með mötuneytið yfir landsmeðaltali. Aðstaða og þjónusta og fjöldi nemenda í mötuneyti er yfir landsmeðaltali. Aðstaða í skólanum er undir landsmeðaltali og skýrist helst af því að ekki er nægjanlega gott aðgengi að tölvum. Tólmstundapjónustan mælist hins vegar undir landsmeðaltali.

Þegar að *foreldrasamstarfi* kemur þá mælist frumkvæði kennara, áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur og að leitað er eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina yfir landsmeðaltali. Jafnframt eru foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá ásamt ánægju með heimsíðu skólans mælist yfir landsmeðaltali. Ánægja með síðasta foreldraviðtal, þátttaka foreldra við gerð námsáætluna, mikilvægi þátttöku nemenda við gerð námsáætlunar mælist allt undir landsmeðaltali.

Heimastuðningur, að lokum mælast væntingar foreldra um iðnám yfir landsmeðaltali. Virkni foreldra, vilja nemenda til þátttöku foreldra, hæfileg heimavinna, tími foreldra við heimanám og væntingar foreldra um háskólanám mælist undir landsmeðaltali.

Líðan nemenda - nemendaviðtöl

Á hverju ári fara fram nemendaviðtöl þar sem líðan nemenda er könnuð. Niðurstöðurnar veita góða sýn á líðan nemenda og gefur kennurum tækifæri til að grípa inn í ef þurfa þykir.

Íslenska æskulýðsrannsóknin – nemendakönnun

Markmið rannsóknarinnar er að safna gögnum um viðhorf barna og ungs fólks til ýmissa þátta sem snúa að farsæld þeirra: menntun, lífsgæðum og félagslegri stöðu, heilsu og vellíðan, öryggi og vernd og þátttöku í íþrótt-, tómstunda- og samfélagsstarfi og félagslegum tengslum.

Kjarnaspurningar ÍÆ koma annars vegar úr tveimur alþjóðlegum rannsóknum sem framkvæmdar hafa verið á Íslandi um árabíl og hins vegar úr íslenskum farsældarmælingagrunni.

Könnunin var lögð fyrir nemendur í 4. – 10. bekk á vorönn 2025. Spurningar fyrir 4. og 5. bekk eru ekki eins og spurningar fyrir 6. – 10. bekk. Niðurstöðum er skilað fyrir þrjá hópa, 4.-5.bekk, 6.-7.bekk og 8.-10.bekk.

Menntun

Færni og áhugi nemenda

Þar eru nemendur spurðir um mikilvægi þess að leggja sig fram í námi og eru 85% nemenda í 4. og 5.bekk, 97% nemenda í 6. og 7.bekk og 85% nemenda í 8.-10.bekk sem telja það mikilvægt. Miða við landið eru yngsti og elsti hópur okkar undir landsmeðaltali en miðhópurinn yfir.

Lestur

86% nemenda í 4. og 5.bekk finnst skemmtilegt að lesa í frítíma sínum sem er meira en annarsstaðar á landinu og er talsverð aukning hjá okkur frá síðasta ári. Í þessum árgöngum finnst nemendum einnig gaman að lesa í skólanum segja 85% þeirra, þetta er langt yfir landsmeðaltali sem er 67%. Lestur skáldsagna í frítíma hefur minnkað í 6.-10.bekk og erum við undir landsmeðaltali, sama gildir um bækur sem ekki eru skáldsögur. Nemendur í 6. og 7.bekk lesa fjölmiðla til jafns á við jafnaldra á landinu en nemendur í 8.-10.bekk lesa heldur minna fjölmiðla og sama gildir um lestur myndasagna.

Líðan í skólanum

83% nemenda 4. og 5.bekkjar finnst gaman í skólanum sem er yfir landsmeðaltali og betra en á síðasta ári. Góð líðan í kennslustundum er hjá 93% nemenda í 4. og 5.bekk, 89% nemenda í 6. og 7.bekk en 72% nemenda í 8.-10.bekk. Yngri tveir hóparnir eru á eða yfir landsmeðaltali en 8.-10.bekkur er undir.

Í frímínútum segja 100% nemenda í 4. og 5.bekk, 93% í 6. og 7.bekk og 96% í 8.-10.bekk að þeim líði vel. Þessar niðurstöður eru allar um eða við landsmeðaltal og eru betri niðurstöður en á síðasta ári.

Nemendur eru spurðir hvort það sé einhver fullorðinn sem þeir geta leitað til og eru niðurstöður að 68% í 4. og 5.bekk, 60% í 6. og 7.bekk og 48% í 8.-10.bekk geta það. Þessar niðurstöður eru allar yfir landsmeðaltali og betri en á síðasta skólaári.

Traust til kennara er 68% í 6. og 7.bekk en 63% í 8.-10.bekk, yngri hópurinn er undir landsmeðaltali en sá eldri við landsmeðaltal. Traust til kennara hefur aukist í 6. og 7.bekk en minnkað í 8.-10.bekk á milli ára.

Nemendur voru spurðir hvort þeir teldu sig vera utangarðs í skólanum og 23% í 6. og 7.bekk og 24% í 8.-10.bekk telja sig vera það. Þetta eru hærri tölur en landsmeðaltalið. Einnig voru nemendur spurðir hvort þeir teldu sig tilheyra í skólanum og það voru 71% í 6. og 7.bekk og 72% í 8.-10.bekk sem töldu svo vera. Þetta eru lægri tölur en landsmeðaltalið, en hafa hækkað hjá okkur á milli ára.

Spurt var hvort nemendur telji að öðrum nemendum líki við þá og svöruðu 85% í 6. og 7.bekk og 77% í 8.-10.bekk að svo væri. Yngri hópurinn er á landsmeðaltali en sá eldri undir. Þetta hefur batnað hjá yngri hópnum en versnað hjá þeim eldri frá fyrra ári.

20% nemenda í 6. og 7.bekk og 13% nemenda í 8.-10.bekk telja sig vera einmanna í skólanum og er það yfir landsmeðaltali. Þessi þáttur hefur versnað hjá okkur á milli ára.

Einungis 12% nemenda í 4. og 5.bekk telja sig vera þreytt í skólanum en 29% í 6. og 7.bekk og 44% nemenda í 8.-10.bekk. Tveir yngri hóparnir eru undir landsmeðaltali en þau elstu eru yfir. Færri eru þreyttir í tveimur yngri hópnum á milli ára en fjölgað hefur á milli ára í elsta hópnum.

Spurt var um vinnufrið í kennslustofu og þar svöruðu 21% í 4. og 5.bekkur að oft væri truflandi hávaði. Í eldri hópnum var spurt um vinnufrið og svöruðu 19% 6. og 7.bekkjar og 19% 8.-10.bekkjar að alltaf eða oft væri vinnufriður í kennslustofu sem er undir landsmeðaltali í báðum hópnum.

Nemendur voru spurðir hvort þeir hefðu skrúpað heilan dag og þeir sem svöruðu „Einu sinni“, „Tvisvar eða þrisvar“, eða „Oftar en þrisvar“ voru 12% í 6. og 7.bekk og 20% í 8.-10.bekk. Yngri hópurinn er á landsmeðaltali og þar eru færri en á síðasta ári sem skrúpa heilan dag. En eldri hópurinn er yfir landsmeðaltali og þar hefur skrúp aukist á milli ára. Þá voru nemendur spurðir með sama hætti um skróp í tíma. Í 6. og 7.bekk voru það 29% og í 8.-10.bekk 28% þetta er yfir landsmeðaltali í báðum hópnum en minna er um skróp í 6. og 7.bekk en á síðasta ári.

Nemendur voru spurðir hversu mikið þeir taka þátt í að skipuleggja skólaviðburði og voru 38% nemenda í 6. og 7.bekk og 39% í 8.-10.bekk sammála því að þeir taki þátt í skipulaginu. Þetta er undir landsmeðaltali og er svipað og síðasta ár. Einnig var spurt um aðkomu að skipulagi og ákvörðunum um skólaverkefni. Þar eru 44% nemenda í 6. og 7.bekk og 36% í 8.-10.bekk sammála því að þeir komi að þessu. Þetta er um landsmeðaltal en hefur aukist frá fyrra ári.

Þá var spurt um hvort tekið væri mark á hugmyndum nemenda og voru 55% í 6. og 7.bekk og 46% í 8.-10.bekk sammála því að hlustað væri á og tekið mark á hugmyndum þeirra. Þetta er undir landsmeðaltali og hefur aukist á milli ára í yngri hópnum en minnkað í þeim eldri.

Síðasta spurningin í þessum flokki var um svefntíma nemenda, hlutfall þeirra sem fara að sofa eftir miðnætti í 6. og 7.bekk er 6% en í 8.-10.bekk er það 21%. Yngri hópurinn er á landsmeðaltali og hefur fækkað í hópnum en eldri hópurinn er undir landsmeðaltali og hefur líkað fækkað í þeim hópi.

Heilsa og vellíðan

Nemendur voru beðnir að staðsetja sig nú og sitt hugsanlega besta líf á kvarðanum upp í 10, þeir sem völdu 8 eða hærri voru 65% í 6. og 7.bekk og 52% í 8.-10.bekk þetta er undir landsmeðaltali hjá báðum hópnum en hefur hækkað á milli ára.

Spurt var um hversu erfitt nemendur eigi með að sofna og svara 48% í 6. og 7.bekk og 52% í 8.-10.bekk að þeir eigi erfitt með að sofna vikulega eða oftár. Yngri hópurinn er yfir landsmeðaltali en fækkað hefur í hópnum á milli ára. Eldri hópurinn er yfir landsmeðaltali og er það aukning hjá okkur á milli ára.

Nemendur voru spurðir um hversu mikið þeir hefðu hreyft sig síðustu sjö daga, þeir sem svöruð mikið eða mjög mikið voru 80% í 4. og 5.bekk sem er á landsmeðaltali og aukning milli ára. Spurningin fyrir eldri nemendur var hversu marga daga þau hefðu hreyft sig á síðustu 7 dögum í 60 mínútur eða meira. Þeir sem svara 7 daga eru 21% í 6. og 7.bekk og 15% í 8.-10.bekk þetta er undir landsmeðaltali hjá báðum hópum og hefur tími sem nemendur verja í hreyfingu minnkað á milli ára hjá báðum hópum.

Nemendur í 4. og 5.bekk voru spurðir hversu oft þeir hefðu fundið fyrir höfuðverk á síðust sjö dögum. Þeir sem höfðu fundið oft fyrir höfuðverk voru 2% sem er langt undir landsmeðaltali og mun færri en síðasta ár. Eldri nemendur voru spurðir hversu oft þeir hefðu fundið fyrir höfuðverk síðustu sex mánuði og þeir sem finna fyrir höfuðverk um það bil vikulega eða oftár eru 45% í 6. Og 7.bekk og 52% í 8.-10.bekk þetta eru fleiri miðað við landsmeðaltal og hefur fjölgað í yngri hópnum en fækkað í eldri hópnum á milli ára.

Þá var spurt um magaverk með sama hætti hjá 4. og 5.bekk síðustu sjö daga og þeir sem höfðu fundið oft fyrir magaverk voru 3% sem er undir landsmeðaltali og fækkun frá síðasta ári. En þau eldri voru spurð um magaverk síðustu sex mánuði. Þeir sem höfðu fundið oft fyrir magaverk voru 35% í 6. og 7.bekk og 47% í 8. – 10.bekk sem er yfir landsmeðaltali, fækkun er í yngri hópnum en fjölgun í þeim eldri.

Þá voru nemendur spurðir um depurð, 4. og 5.bekkur síðustu sjö daga og þeir sem höfðu fundið oft fyrir depurð voru 4% sem er undir landsmeðaltali en aukning frá síðasta ári. En eldri hópurinn var spurður um síðustu sex mánuði og þeir sem höfðu fundið fyrir depurð vikulega eða oftár voru 30% í 6. og 7.bekk og 45% í 8.-10.bekk sem er yfir landsmeðaltali í báðum hópum en fækkun á milli ára hjá okkur.

Síðasta spurningin í þessum flokki var um kvíða. Þar eru nemendur í 4. og 5.bekk spurðir hversu oft þeir hafa fundið fyrir kvíða á síðustu sjö dögum og var það enginn hjá okkur sem er undir landsmeðaltali og fækkun frá síðasta ári. En eldri nemendur voru spurðir um kvíða á síðustu sex mánuðum og þeir sem höfðu fundið fyrir honum vikulega eða oftár voru í 6. og 7.bekk 37% og í 8.-10.bekk 54% sem er yfir landsmeðaltali en fækkun á milli ára.

Öryggi og vernd

Nemendur voru spurðir hversu oft þeir hefðu lent í slagsmálum á síðustu 12 mánuðum og þeir sem höfðu lent oftár en fjórum sinnum í slagsmálum voru 42% í 6. og 7.bekk og 24% í 8.-10.bekk sem er yfir landsmeðaltali og fækkun í yngri hóp en fjölgun í þeim eldri á milli ára.

Þá var spurt hvort ráðist hafi verið á nemendur á síðustu 12 mánuðum og þeir sem svöruðu oftast en fjórum sinnum voru 51% í 6. og 7.bekk og 24% í 8.-10.bekk sem er yfir landsmeðaltali í yngri hópnum en undir í þeim eldri. Þetta er aukning í báðum hópum á milli ára.

Nemendur voru spurðir hvort þeir teldu sig örugga í sínu hverfi og þeir sem töldu sig vera það eru 91% í 6. og 7.bekk og 94% í 8.-10.bekk og er það yfir landsmeðaltali og lækkun á milli ára.

Spurt var um hversu oft nemendur hefðu verið lagðir í einelti í 4. og 5.bekk og þeir sem svöruðu oft og stundum voru 7% sem er langt undir langsmeðaltali og lækkun frá síðasta skólaári. Hjá þeim eldri var spurt um hversu oft þau hefðu verið lögð í einelti á síðustu tveimur mánuðum, þeir sem svöruðu oftast en tvisvar eða þrisvar í mánuði eru 11% í 6. og 7.bekk en 9% í 8.-10.bekk, yngri hópnum er á landsmeðaltali en sá eldri er undir. Þetta er lækkun yngri hópnum en aukning í þeim eldri á milli ára.

Þá voru nemendur spurðir hversu oft þeir hafa tekið þátt í að leggja nemanda í einelti. Þeir sem svara tvisvar eða þrisvar í mánuði eða oftast eru 36% í 6. og 7.bekk og 18% í 8.-10.bekk sem er yfir landsmeðaltali, og langt yfir hjá yngri hópnum. Þetta er aukning á milli ára hjá okkur.

Spurt var um einelti á netinu og telja nemendur í 4. og 5.bekk að það sé ekkert. Þau voru líka spurð um hversu oft þau væru skilin útundan og þau sem svöruðu oft eða stundum voru 8% sem er langt undir landsmeðaltali og mikil lækkun frá síðasta ári.

Eldri nemendur voru spurðir hversu marga daga þeir hefðu reykt rafrettur síðustu 30 daga. Þeir sem svara að þeir hafi reykt rafrettur á síðustu 30 dögum eru 5% í 6. og 7.bekk og 12% í 8.-10.bekk þetta er yfir landsmeðaltali en þetta er svipað og síðasta ár.

Þeir sem höfðu reykt sigarettur með sama hætti voru 3% í 6. og 7.bekk og 9% í 8.-10.bekk sem er yfir landsmeðaltali og aukning á milli ára.

Að lokum í þessum þætti var spurt um áfengisdrykkju. Nemendur voru spurðir hversu marga daga á síðustu 30 dögum þeir hefðu drukkið áfengi. Þeir sem svöruðu að þeir hefðu drukkið áfengi á þessu tímabil voru 5% í 6. og 7.bekk og 9% í 8.-10.bekk sem er yfir landsmeðaltali en lækkun á milli ára hjá okkur.

Að lokum var spurt hvort nemendur hefðu orðið blindfullir einhvern tíma á ævinni og svarmöguleikar voru 30 dagar eða færri. Þeir sem einhverntíma höfðu orðið blindfullir í 6. og 7.bekk voru 3% og í 8.-10.bekk 11% sem er yfir landsmeðaltali í báðum hópum. Fækkun í yngri hópnum en fjölgun í þeim eldri á milli ára.

Þátttaka og félagsleg tengsl

Nemendur voru spurðir hversu auðvelt þeir eiga með að eignast nýja vini og þeir sem töldu sig eiga það voru 81% í 6. og 7.bekk og 75% í 8.-10.bekk sem er um landsmeðaltal en fjölgun á milli ára hjá okkur.

Nemendur í 4. og 5.bekk voru spurðir hvort þeir ættu góðan vin og þeir sem töldu sig eiga hann voru allir sem er sama og síðustu ár. Í eldri hópnum voru nemendur spurðir hversu marga góða vini þeir ættu og þeir sem töldu sig eiga fjóra eða fleiri voru 95% í 6. og 7.bekk og 99% í 8.-10.bekk sem er við landsmeðaltal en fækkun í yngri hópnum og fjölgun í þeim eldri á milli ára.

4. og 5.bekkur var spurður hvort þeim þætti gaman að fá vini heim til sín og sögðu 92% svo vera sem er yfir landsmeðaltali og aukning frá síðasta ári. Eldri nemendur voru spurðir þess sama og eru 79% í 6. og 7.bekk og 55% í 8.-10.bekk sammála því að það sér gaman að fá vini heim yngri hópurinn er við landsmeðaltal en sá eldri er undir. Þeim sem finnst gaman að bjóða vinum heim hefur fækkað á milli ára í báðum hópum.

Nemendur í 4. og 5.bekk töldu sig ekki vera einmanna í 4. og 5.bekk og er það fækkun í þeim hóp á milli ára. Nemendur í eldri hópnum voru spurðir hversu oft þeir hefðu verið einmanna á síðustu 12 mánuðum og þeir sem töldu sig vera oft einmanna voru 8% í 6. og 7.bekk og 20% í 8.-10.bekk sem er yfir landsmeðaltali en fækkun í hópnum á milli ára.

Þá var komið að íþróttum og tómstundum þar voru nemendur í 4. og 5.bekk beðnir að merkja við ef þeir æfðu eina íþrótt og eru það 48% nemenda sem er lægra en landsmeðaltal. En eldri nemendur voru spurðir hvort þeir stundi einhverjar íþróttir og þeir sem það gera eru 87% í 6. og 7.bekk og 66% í 8.-10.bekk sem er yfir landsmeðaltalinu í yngri hópnum en undir í þeim eldri.

Þeir sem stunda íþróttir reglulega þ.e. æfa a.m.k. tvisvar í viku eru 70% í 6. og 7.bekk og 53% í 8.-10.bekk sem er undir landsmeðaltali í báðum hópum.

Þeir sem stunda listnám í 4. og 5.bekk eru 28% sem er undir landsmeðaltali og í 6. og 7.bekk eru það 38% sem er yfir landsmeðaltali og 16% í 8.-10.bekk sem er undir landsmeðaltali. Þeir sem stunda reglulegt listnám eru 21% í 6. og 7.bekk og 12% í 8.-10.bekk sem er undir landsmeðaltali í báðum hópum.

Þeir sem fara í félagsmiðstöðina eru 38% í 6. og 7.bekk og 35% í 8.-10.bekk og er þetta undir landsmeðaltali.

Spurt var hvort nemendur hefðu tekið þátt í nemendaráði og hefur enginn tekið þátt í 6. og 7.bekk en 11% í 8.-10.bekk sem er vel undir landsmeðaltali.

Þá var spurt hvort nemendur hefðu tekið þátt í ungmennaráði, réttindaráði, skólaráði, umhverfisteymi eða einhverju þessháttar og svöruðu 7% í 6. og 7.bekk og 15% í 8.-10.bekk því játandi. Sem er undir landsmeðaltali í yngri hópnum en á meðaltali í þeim eldri.

Lífsgæði og félagsleg staða

Nemendur voru spurðir hvort þeir gætu verið einhversstaðar í ró og næði heima þegar þeir ættu að vinna heimavinnu. Þeir sem töldu sig geta það voru 84% í 6. og 7.bekk og 86% í 8.-10.bekk þetta er við landsmeðaltal.

Nemendur í 4. og 5.bekk voru spurð hvort það gæti einhver heima hjálpað þeim með heimanámið, 91% töldu svo vera sem er svipað og landsmeðaltalið. Eldri nemendur voru líka spurðir hvort einhver heima gæti hjálpað þeim með heimanámið, 89% í 6. og 7.bekk og 74% í 8.-10.bekk töldu svo vera sem er svipað og landsmeðaltalið og fjölgun á milli ára hjá okkur.

Spurt var hvort íslenska sé töluð á heimilum svörin voru að 89% í 4. og 5.bekk, 81% í 6. og 7.bekk og 83% í 8.-10.bekk heimila væri töluð íslenska sem er yfir landsmeðaltali í yngsta hópnum en svipað í hinum tveimur.

Nemendur í 4. og 5.bekk voru spurðir hvort þeir gætu talað við foreldra sína eða einhvern annan fullorðinn á heimilinu þegar þeim liði illa eða hefðu áhyggjur, 91% töldu sig geta það og er það yfir landsmeðaltali en svipað og á síðasta ári. Eldri nemendur voru spurðir hvort þeir fengju tilfinningalegan stuðning frá fjölskyldu sinni, 92% í 6. og 7.bekk og 83% í 8.-10.bekk töldu svo vera sem er svipað og landið en aukning frá fyrra ári.

Nemendur voru spurðir hvort þeir ættu sitt eigið herbergi og svara 94% í 4.og 5.bekk, 98% í 6. og 7.bekk og 97% í 8.-10.bekk því játandi og er það svipað og landsmeðaltalið.

Nemendur voru spurðir hvort þeir færu svangir að sofa vegna þess að ekki var til matur og voru 4. og 5.bekkur spurðir um á síðustu sjö dögum þar svöruðu 3% því játandi sem er undir landsmeðaltali og fækkun frá síðasta ári. Eldri nemendur voru spurðir sömu spurningar nema á síðustu 30 dögum og vegna þess að ekki væru til peningar til að kaupa mat. 2% í 6. og 7.bekk og 1% í 8-10.bekk svöruðu því játandi og er það undir landsmeðaltali og fækkun frá síðasta ári.

Að lokum voru nemendur í 4. og 5.bekk spurðir hvort þeir hefðu gert eitthvað skemmtilegt með foreldrum sínum síðustu sjö daga og svöruðu 86% því játandi sem er rétt yfir landsmeðaltali en fækkun frá síðasta ári.

Líðan starfsfólks - starfsmannakannanir

Starfsmannaviðtöl fóru fram með hefðbundnum hætti. Starfsmönnum var sent undirbúningsblað fyrir starfsmannaviðtal og óskað eftir að þeim yrði skilað til stjórnanda og öllum boðið viðtal. Tekin voru viðtöl við alla nýja starfsmenn.

Auk starfsmannaviðtala var framkvæmd ein rafræn könnun meðal starfsfólks á haustönn og á vorönn var lögð fyrir könnun á vegum Borgarbyggðar.

Í fyrri könnunni var fjöldi svarenda 40, eða 66%.

- Líðan í vinnu – 98% mjög vel/frekar vel – 2% frekar illa
- Samvinna – 100% mjög góð/frekar góð
- Starfsandi – 98% mjög góður/frekar góður – 2% frekar slæmur
- Sveigjanleiki til að samræma starf og einkalíf – 98% mikill/frekar mikill – 2% frekar lítill
- Vingjarnlegt viðhorf samstarfsmanna til mín – 98% mjög oft/frekar oft – 2% frekar sjaldan
- Fæ stuðning frá næsta yfirmanni – 98% mjög oft/frekar oft – 2% frekar sjaldan
- Ánægð/ur í starfi – 98% mjög ánægð(ur)/frekar ánægð(ur) – 2% frekar óánægð(ur)

Breyting var gerð á könnunum varðandi líðan starfsfólks og innleitt var nýtt mælitæki, Moodup. Fyrsta mæling var gerð undir lok skólaárs og niðurstöður hennar voru ekki marktækar.

Úrbótaáætlun

Sú úrbótaáætlun sem unnið verður eftir næstkomandi skólaár, byggir á úrbótaáætlun 2024-2025 auk athugasemda úr ofangreindum gögnum.

Umbótapáttur	Aðgerðir skóla	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðar-aðili	Endurmat, hvenær/hvernig	Staðan maí 2025
--------------	----------------	--------------	--------------	----------------	--------------------------	-----------------

Skólaþróun	Leiðsagnarnám – sameiginleg endurmenntun fyrir starfsfólk skóla.	Haustið 2023	Vorið 2027	Skólastjórn	Að vori hvert sinn og skráð í innra mat skólans	Komin vel á veg og orðaforði leiðsagnar-náms heyrir vel í skólanum.
Starfsmannastjórnun og verkaskipting	Líðan og aðstaða starfsmanna könnuð reglulega. Verkaskipting stjórnenda verður skýrari og kynnt starfsmönnum. Upplýsingaflæði verður eft. Stjórnendur sýnilegri.	Haustið 2023	Sífelld í gangi	Skólastjórn	Að vori hvert sinn og skráð í innra mat skólans	Haustkönnun
Þátttaka foreldra í skólastarfinu	Vinnu samkvæmt aðgerðaráætlun sem gerð var haustið 2021 verður haldið áfram.	Haustið 2023	Vorið 2025	Skólastjórn	Að vori hvert sinn og skráð í innra mat skólans	Lögð var fyrir foreldra-könnun.
Gæði kennslu, Skipulag náms – náms- og kennsluhættir og Ábyrgð og þátttaka nemenda	Í vinnu við innleiðingu leiðsagnarnáms verður horft til þessara þátta	Haustið 2023	Vorið 2026	Skólastjórn	Að vori hvert sinn og skráð í innra mat skólans	Þetta er í vinnuslu og á góðri leið.
Líðan og velferð nemenda	Reglulegar kannanir með Skólapúlvi og viðtölum og brugðist við með markvissum hætti. Tengiliðir virkjaðir.	Haustið 2023	Sífelld í gangi	Skólastjórn og kennarar	Að vori hvert sinn og skráð í innra mat skólans	Niðurstöður kannana skoðaðar og kynntar og unnið með þær.

Langtímaáætlun um innra mat

Hér að finna langtímaáætlun til fjöggra ára um innra mat skólans og byggist það á gæðaviðmiðum í grunnskóla frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

Langtímaáætlun um Innra mat skóla

Borgarbyggð

Grunnskóli Borgarfjarðar og Grunnskólinn í

Borgarnesi



Viðfangsefni

Svið I - Faglegt samstarf og samræða	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
1.1 Samvirkni í stefnumótun				X
1.2 Stjórnun og fagleg forysta			X	
1.3 Faglegt samstarf og samræða	X			
1.4 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	X			
1.5 Umbætur og innleiðing breytinga			X	
1.6 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir		X		
1.7 Starfsmannastjórnun og verkaskipting			X	
1.8 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna		X		

Svið II - Nám og kennsla	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
2.1 Inntak og námskrá			X	
2.2 Árangur náms		X		
2.3 Visbendingar		X		
2.4 Gæði kennslu	X			X
2.6 Skipulag náms	X			X
2.7 Námsvitund			X	
2.8 Ábyrgð og þátttaka .		X		

Svið III Innra mat	2024- 2025	2025- 2026	2026- 2027	2027- 2028
3.1 Skipulag	x			
3.2 Framkvæmd	x			
3.3 Umbætur	x			

Byggt á gæðaviðmiðum í grunnskólum frá
Menntamálastofnun